

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Stjórnarfundur – fundargerð

Dagsetning: 20. September 2021 18.00 – 20.00

Staður: Skrifstofa félagsins; fjarfundur.

Mætt voru: Friðrik Rafnsson, Snorri Steinn Sigurðsson, Valva Árnadóttir, Jakob S. Jónsson (á fjarfundi), Guðný Margrét Emilsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Sigrún Pálsdóttir (kom 18.50)

Forföll: Hjörtur Howser.

1.	Fundur settur	Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá fundarins.		
2.	Fundargerðir síðustu funda	Ritari sendi fyrr í dag þrjár fundargerðir fyrri funda, þar sem óskað hafði verið eftir leiðréttingum en það voru fundargerðir sem eftir stóð að samþykkja, frá 10. júní og 12. júlí og 26. júlí þ.á. Þær samþykktar.	Á	
3.	Leiðsögumanni vikið úr starfi	Félagsmaður hafði sent félaginu bréf vegna brottvikningar úr starfi að undirlagi erlends hópstjóra með stuðningi þeirrar erlendu ferðaskrifstofu sem skipulagði ferðina. Leiðsögumaðurinn var ráðinn af íslenskri ferðaskrifstofu, sem stóð við allar sínar skuldbindingar gagnvart félagsmanninum. Formaður hafði samband við íslensku ferðaskrifstofuna sem og hina erlendu vegna málsins. Samþykkt að formaður sendi ítrekun til SAF um skilgreiningu Leiðsagnar á verkaskiptingu leiðsögumanna, fararstjóra og hópstjóra (CEN).	U Á	Form.
4.	Fundur með stjórn Fagdeildar	Formaður og varaformaður héldu fund með stjórn Fagdeildar til að ræða framtíðarmálin almennt og næstu skref í farsælu samstarfi félagsstjórnar og fagdeildarstjórnar. Greindu þeir frá þeim samræðum. Rætt var um að Fagdeild hafi ekki haldið félagsfund frá því að ný stjórn tók við 2020 og nokkuð skorti á að félagar deildarinnar séu upplýstir um starf hennar. Fram kom á fundinum að Steinunn Harðardóttir tekur tímabundið að sér verkefni formanns Fagdeildar í tímabundinni fjarveru Kristínar Waage.	U U	

5.	Afsláttarkjör	Varaformaður hefur tekið saman yfirlit yfir afsláttarkjör leiðsögumanna hjá ýmsum fyrirtækjum. Þetta yfirlit má bæta með markvissu starfi. Hann gerði grein fyrir verkefninu við að uppfæra skrána, m.a. með tengingu við „Mínar síður“, og mun vinna verkefnið áfram með formanni.	U	Form. Snorri
6.	Virgni kjörinna fulltrúa	Rætt um þann vanda sem oft vill verða þegar fólk er kosið til starfa fyrir félagið á aðalfundi en lætur svo ekki sjá sig á fundum eða í öðru starfi. Málið reifað og helsta niðurstaðan sú að formaður hafi samband við viðkomandi og hvetji fólk til að bæta ráð sitt. Rætt um hvort vísað skyldi til laganefndar að kanna hvort tilefni sé til að setja ákvæði í lög félagsins um ábyrgð þeirra sem taka að sér trúnaðarstörf.	U U	Form.
7.	Fjárhagsleg staða	Gjaldkeri gerði grein fyrir efnahagslegri stöðu félagsins og hvernig hún lítur út í ljósi þess raunveruleika sem hefur tekið breytingum vegna COVID-19. Staðan er mun betri það sem af er þessu ári en hún var á ársgrundvelli (meðaltal) í fyrra. Staðan er þó þess eðlis að aðhalds er þörf.	U	
8.	Aukið starfshlutfall starfsmanns	Rætt að hækka starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu úr 50%. Stjórn er jákvæð fyrir því að hækka starfshlutfallið í 75% með þeim fyrirvara að aukin verkefni starfsmanns yrðu skilgreind, opnunartími skrifstofu aukinn og gerð starfslýsing fyrir starfið. Rætt um að fá bókara á næsta fund til að fara nánar yfir fjárhagsstöðuna. Aukið starfshlutfall starfsmanns verður tekið til ákvörðunar á næsta stjórnarfundum.	U	
9.	Vinnustaða- eftirlit	Félaginu barst reikningur vegna vinnustaðaeftirlits á vegum Einingar (fyrir Eyjafjörð og Norðurland vestra). Afla þurfti skýringar á þessum reikningi, sem er til kominn vegna þess að samið hafði verið við Einingu um að sinna vinnustaðaeftirliti á Norðurlandi fyrir Leiðsögn. Rætt um að koma á viðlíka samkomulagi við Bárúna á Suðurlandi og aðra aðila sem sinna vinnustaðaeftirliti. Einnig að fá á fund stjórnar aðila sem þekkja vel til þessara mála.	U	
10.	Námsmat á leiðsögunámi	Nokkur umræða varð um skýrslu starfshóps um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna; ekkert hefur til skýrslunnar spurst síðan hún var send Menntamála-ráðuneytinu. Samþykkt að formaður og Fagráð gangi í að kanna hvar málið er statt og hvernig unnt sé að koma tillögum hennar í framkvæmd.	Á	Friðrik, Jakob

11.	Námskeið fyrir fólk í trúnaðarstöðum	Rætt um námskeið um stéttarfélagsrekstur fyrir kjörna trúnaðarmenn hjá Leiðsögn. Tilboð liggur fyrir frá Félagsmálaskóla ASÍ og BSRB upp á námskeið tvisvar. Stefnt skal að einu námskeiði í janúar 2022 og almennum félagsmönnum boðin þátttaka ef það mætti verða til að auka áhuga félagsmanna á félagsstarfinu, einkum hinna yngri.	U Á	Stjórn
12.	Önnur mál	A) Nefnt að enn er að finna villur á heimasíðu sem brýnt er að leiðrétta. B) Tekið var upp að ekki er enn búið að leiðrétta fundargerð auka-aðalfundar. Formaður mun hafa samband við fundarritara og óska eftir leiðréttingum. C) Gjaldkeri nefndi að krafa hefur verið greidd þó vanti reikning fyrir henni, og verður starfsmaður skrifstofu beðinn um að falast eftir reikningi þegar í stað. D) Trúnaðarráðsfundur. Beðið um að boðað verði til trúnaðarráðsfundar sem fyrst til að kjósa nýja kjaranefnd. E) Stjórn á eftir að tilnefna einn fulltrúa í laganefnd. Nöfn nokkurra kandiádata komu upp í umræðunni; ákvörðun tekin á næsta fundi. Minnt var á erindisbréf laganefndar. Magnús Norðdahl verður hafður með í ráðum um starf laganefndar. F) Reiknivél. Stjórn hefur kynnt sér reiknivélina. Nokkrir ágallar komu í ljós og hafa ritari og varaformaður samráð við Filmís um úrbætur. G) Formaður kjaranefndar gerði grein fyrir undirbúningi kjaraviðræðna. Hann hefur átt einn fund með formanni samninganefndar SAF um formsatriði. H) Sjúkrasjóður ferðaþjónustunnar. Jakob gerði stuttlega grein fyrir hugmyndinni um Sjúkrasjóð ferðaþjónustunnar.	U Á U U U U U	Form. Form. Form. Form. Snorri Jakob

Fundi slitið 20:00

Við lyklaborðið:

Fundargerð staðfest

Jakob S. Jónsson, ritari

Friðrik Rafnsson, formaður